

## 6. gr.

Endurskoðandi sjóðsins skal vera hreppstjóri Reykdælahrepps, ef hann er búsettur í Laxárdal, en annars skal hreppsnefndin í Reykdælahreppi kjósa endurskoðanda, sem búsettur er í Laxárdal.

## 7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

**REGLUGERÐ****um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1974.**

## 1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum og héraðslæknum ber að greiða fyrir árið 1974, vegna lyfjaeftirlits samkvæmt 47. gr. lyfsöluglaga nr. 30 29. apríl 1963 skal vera sem hér segir:

I. flokkur	.....	kr. 20 000.00
II. flokkur	.....	— 16 000.00
III. flokkur	.....	— 12 000.00
IV. flokkur	.....	— 8 000.00
V. flokkur	.....	— 4 000.00

## 2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins sem hér segir:

- I. flokkur: Lyfjabúðin Iðunn,  
Reykjavíkur Apótek.
- II. flokkur: Akureyrar Apótek,  
Apótek Austurbæjar,  
Apótek Keflavíkur,  
Laugavegs Apótek.
- III. flokkur: Hafnarfjarðar Apótek,  
Holts Apótek,  
Ingólfs Apótek,  
Stjörnu Apótek,  
Vesturbæjar Apótek.
- IV. flokkur: Akranes Apótek,  
Borgar Apótek,  
Garðs Apótek,  
Háaleitis Apótek,  
Ísafjarðar Apótek,  
Kópavogs Apótek,  
Laugarnes Apótek,  
Lyfjabúð Breiðholts,  
Selfoss Apótek.

V. flokkur: Apótek Austurlands, Seyðisfirði,  
Apótek Neskaupstaðar,  
Apótek Vestmannaeyja,  
Árbæjar Apótek,  
Borgarnes Apótek,  
Dalvíkur Apótek,  
Húsavíkur Apótek,  
Patreks Apótek,  
Sauðárkróks Apótek,  
Siglufjarðar Apótek,  
Stykkishólms Apótek.

3. gr.

Lyfjagerðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds sem hér segir:

I. flokkur: Lyfjaverslun ríkisins,  
Pharmaco hf.

II. flokkur: Stefán Thorarensen hf.

4. gr.

Lyfjaheildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins sem hér segir:

I. flokkur: G. Ólafsson hf.,  
Lyfjaverslun ríkisins,  
Stefán Thorarensen hf.

II. flokkur: Ásgeir Sigurðsson h/f,  
Hermes s/f,  
Pharmaco hf.

III. flokkur: H. Ólafsson & Bernhöft,  
Lyf s/f.

5. gr.

Héraðslæknar sem annast lyfjasölu samkvæmt 42. gr. lyfsölulaga skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt 5. flokki.

6. gr.

Eftirlitsgjaldið skal greiða til ríkisféhirðis fyrir 15. desember 1974. Gjaldið er lög-  
takskræft.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29.  
apríl 1963, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. september 1974.*

**Matthías Bjarnason.**

*Jón Ingimarsson.*